

## Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 169 (11.2.2026) - Ármót, L164471. Ármót ferðapjónusta ehf. Beiðni um umsögn vegna breytingu á gildandi rekstarleyfis

**Málsnúmer** : 2602030  
**Málsaðili** : Sýslumaðurinn á Suðurlandi  
**Niðurstaða (stutt)** : Samþykkt  
**Fundardagur** : 11.02.2026

**Inngangur** : Sýslumaðurinn á Suðurlandi óskar eftir umsögn vegna beiðni Hafliða Þ. Halldórssonar fyrir hönd Ármót ehf., kt. 420817-1770 um breytingu árekstrarleyfi fyrir gistingu í flokki IV, tegund "B" stærra gistiheimili á lóðinni Ármót, L164471, rýmisnr. 020101 (300 m<sup>2</sup> gistihús), 12 gestir, 110101 (110 m<sup>2</sup> íbúð), 3 gestir, 170101 (40 m<sup>2</sup> gestahús), 3 gestir og 180101 (40 m<sup>2</sup> gestahús), 3 gestir. Hámarksfjöldi gesta fer úr 10 í 21 gest. Umsókn barst 09.02.2026.

**Niðurstaða** : Byggingarfulltrúi staðfestir að umrædd starfsemi er í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins og gerir því ekki athugasemdir vegna tiltekinnar starfsemi í umræddu húsnæði. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er heimild fyrir 20 gistiplássum á umræddri lóð (VÞ11).

Byggingarfulltrúi vill árétta að umsækjandi ber ábyrgð á að húsnæðið uppfylli skilyrði um brunavarnir og að húsnæðið sé fullnægjandi m.t.t. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Áréttað er að neysluvatn á staðnum þarf að uppfylla kröfur um gæði vatns skv. reglugerð nr. 536/2001 m.s.br.